

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Unnarbraut 14, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 1012. fundi sínum 17. september 2025, óverulega breytingu á skipulaginu „Deiliskipulag vestursvæðis að Lindarbraut“. Breytingin tekur til lóðarinnar Unnarbraut 14 og felst í að hluti byggingarreits á lóðinni er færður til svo unnt verði að byggja við bílskúr hússins. Hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar helst óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Steinavör 6, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 1019. fundi sínum 21. janúar 2025, óverulega breytingu á deiliskipulagi Melhúsatúns. Breytingin tekur til lóðarinnar Steinavör 6 og heimilar aukið nýtingarhlutfall, sem var 0,4 en verður 0,5 við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Steinavör 8, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 1017. fundi sínum 26. nóvember 2025, óverulega breytingu á deiliskipulagi Melhúsatúns. Breytingin tekur til lóðarinnar Steinavör 8 og heimilar aukið nýtingarhlutfall og tilfærslu á bifreiðastæði á lóðinni. Nýtingarhlutfallið var 0,4 en verður 0,48 við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seltjarnarnesi, 21. mars 2026.

F.h. Seltjarnarnesbæjar,
Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. mars 2026